

Föstudaginn 27. febrúar 1970.

Nr. 11/1970. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Grétari Þór Sigurðssyni

(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögreglubifreið. Nytjastuldur. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í forsendum héraðsdóms, og er hegðun ákærða færð þar til rétttra refsíákvæða. Eftir atvikum þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar ákærða, sem er hæfilega tiltekin í héraðsdómi, fangelsi þrjá mánuði, skuli fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið. Rétt þykir að svipta ákærða ökuleyfi 1 ár. Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarskostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og málf lutningslaun verjanda síns, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Grétar Þór Sigurðsson, sæti fangelsi 3 mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið. Hann er sviptur ökuleyfi 1 ár.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og

málflutningslaun verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar
hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 13. nóvember 1969.

Ár 1969, fimmtudaginn 13. nóvember, var í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn var í lögreglustöðinni á Keflavíkurflugvelli af Þorgeiri Þorsteinssyni, dómara samkvæmt sérstakri umboðsskrá, uppkveðinn dómur í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Grétari Þór Sigurðssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 30. október s.l., er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, útgefnu 22. marz 1967, á hendur Grétari Þór Sigurðssyni, Baldursgötu 2, Keflavík, fyrir brot á áfengis-, umferðar og hegningarlögum. Þykir hann hafa gerzt brotlegur við téð lög með því að hafa:

1. Verið hneykslanlega ölvaður og með óspektir fyrir utan húsið Túngötu 20 í Keflavík aðfaranótt laugardagsins 15. janúar 1966 og þá kastað steini í rúðu í glugga hússins, svo að rúða brotnaði. Er þetta talið varða við 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

2. Skömmu eftir atburðina í 1 tekið í heimildarleysi lögreglu-bífreiðina Ö 1002, þar sem hún stóð við Túngötu 20, og ekið henni um götur Keflavíkur, þar til ákærði stöðvaði bífreiðina á lóð við Sérleyfisbífreiðastöðvar Keflavíkur, er lögreglan handtók hann.

Er þetta talið varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 4. janúar 1947, og hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1961 16/6 á Keflavíkurflugvelli: Uppvís að bílþjófnaði. Ákæru frestað skilorðsbundið í 3 ár frá 1. apríl 1961. Skal háður eftirliti Skafta Friðfinnssonar forstjóra, Keflavík.

1962 10/12 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 490 kr. sekt fyrir brot á 231. gr. hegningarlaga og 21. gr. áfengislaga.

- 1963 29/10 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.
- 1964 5/2 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 150 kr. sekt og bætur fyrir brot gegn 257. gr. hegningarlaga.
- 1964 25/4 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 49. gr. umferðarlaga.
- 1964 25/4 á Keflavíkurflugvelli: Uppvís að brotum gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 30. maí 1964.
- 1965 14/6 í Keflavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir og brot á 49. og 50. gr. umferðarlaga.
- 1966 28/6 á Keflavíkurflugvelli: Áminning fyrir tolllagabrot.

Málavextir.

Laugardaginn 15. janúar 1966, kl. 0200, hringdi Sigurður Gizur Baldursson, Túngötu 20, Keflavík, til lögreglunnar í Keflavík og beiddist aðstoðar lögreglunnar til að fjarlægja frá greindu húsi mann, sem hefði ætlað að ryðjast inn í húsið. Tveir lögreglumenn, þeir Sveinn Víkingur Sveinsson og Vilhjálmur Grétar Árnason, fóru þegar á vettvang í lögreglubifreiðinni Ö 1002. Er þangað kom, var Landrover bifreið í þann mund að aka frá húsinu, en um leið kom Sigurður Gizur hlaupandi frá húsinu og út að Landrover bifreiðinni og kallaði til lögreglumannanna, að maður sá, er hann hefði beiðzt aðstoðar út af, ákærði í máli þessu, væri farþegi í bifreið þessari. Lögreglumennirnir fóru þegar að Landrover bifreiðinni og hugðust flytja ákærða yfir í lögreglubifreiðina. Ákærði vildi þó ekki hlíta þessum afskiptum lögreglumannanna og gerði m. a. tilraun til að ráðast á Sigurð Gizur. Urðu við þetta nokkrar stimpingar milli ákærða og lögreglumannanna, en við það komu félagar ákærða, sem verið höfðu með honum í bifreiðinni, út úr henni og hindruðu, að ákærði yrði fluttur í lögreglubifreiðina að sinni. Meðan á þessu gekk, skiptust þeir ákærði og Sigurður Gizur á ýmsum ókvæðisorðum og ögrunum, og tókst lögreglumönnum ekki um sinn að stilla til friðar. Hlautz af þessu mikill hávaði, og jafnframt óx æsingur þeirra ákærða og Sigurðar Gizurar. Eftir nokkurt þref hélt Sigurður Gizur til húbýla sinna, en rétt á eftir þreif ákærði upp stein og varpaði honum í herbergisglugga Sigurðar með þeim afleiðingum, að rúða brotnaði. Kom Sigurður Gizur þá út að vörmu spori og hafði nú meðferðis stóra sveðju, sem hann sveiflaði í kringum sig ótt og titt. Er hér var komið, hafði lögreglu-

mönnunum tekizt að sefa ákærða, og hafði hann fallizt á að koma með þeim í lögreglubifreiðina. Sigurður Gizur gerðist nú nærgöngull við lögreglumennina með sveðjunni, þannig að þeir urðu undan að hörfa, en fyrir fortölur sefaðist hann einnig, og tókst lögreglumönnunum þá að fá ákærða inn í lögreglubifreiðina móþróalaust. Settist ákærði í framsæti lögreglubifreiðarinnar og hafði við orð, að réttast væri að aka brott. Víkingur Sveinsson lögreglumaður hafði fylgt ákærða í lögreglubifreiðina, en áður en til þess kæmi að sinna ákærða frekar, fór hann aftur yfir að húsinu til að aðstoða félagan sinn, sem átti þar í útistöðum við félagan ákærða og Sigurð Gizur. Var vél lögreglubifreiðarinnar þá í gangi. Er ákærði var orðinn einsamall í bifreiðinni, gerði hann sér hægt um vik, færði sig undir stýri hennar og ók á brott. Lögreglumennirnir urðu varir við brottakstur ákærða mjög skömmu síðar, og hóf Víkingur lögreglumaður eftirför í Landrover bifreiðinni, sem ekið var af Vilhjálmi Arngrímssyni. Fundu þeir ákærða skömmu síðar í Hafnargötu við hús Sérleyfishbifreiða Keflavíkur, þar sem hann stöðvaði samkvæmt bendingum frá lögreglumanninum.

Gaf ákærði lögreglumanninum þá skýringu á akstri sínum, að hann hefði ætlað að aka til lögreglustöðvar.

Ákærði bað nú lögreglumanninn leyfis til að fara heim, og varð lögreglumaðurinn við þeirri beiðni. Gaf lögreglumaðurinn þá skýringu á þessari ráðstöfun á ákærða, að of tafsamt hefði orðið að flytja ákærða til blóðtöku og síðan í fangageymslu, þar eð hann taldi, að félagi sinn þyrfti á aðstoð sinni að halda að Túngötu 20. Eftir að hafa ekið ákærða heim til sín hélt Víkingur þegar að Túngötu 20, en er þangað kom, voru félagar ákærða komnir inn í bifreið sína og kyrrð komin á við húsið.

Lögreglumennirnir héldu nú aftur heim til ákærða, kvöddu þar dyra og höfðu tal af móður ákærða. Fóru þeir fram á að fá að tala við ákærða í því skyni að fá hann með þeim til læknis til blóðtöku, en móðir hans tjáði þeim, að ákærði væri sofnaður og að hún treysti sér ekki til að vekja hann. Hurfu lögreglumennirnir frá við svo búið.

Eftirtaldir menn voru í slagtogi með þeim ákærða og Sigurði Gizuri Baldurssyni umrætt kvöld og viðstaddir umræddar rýsingar: Jón Hensley, Vesturgötu 17, Lúðvík Ingvarsson, Hátúni 8, Lúðvík Björnsson, Suðurgötu 18, Henry Olsen, Vallargötu 7, og að auki stjórnandi títtnefndrar Landrover bifreiðar, Vilhjálmur Arngrímsson, Hátúni 18, Keflavík. Þá bar þarna að, meðan á

ryskingunum stóð, þá Braga Eyjólfsson, Aðalgötu 14, og Marteinn Webb, Melteigi 4.

Þá hafði Ólafur A. Þorsteinsson, Túngötu 19, vaknað við hávaðann og fylgdist að nokkru með því, er fram fór fyrir utan hús nr. 20. Að sögn lögreglumannanna voru flestir félagar ákærða, að ökumanni Landrover bifreiðarinnar undanskildum, meira og minna undir áhrifum áfengis. Ákærði ber, að umrætt kvöld hafi hann farið einsamall á dansleik í samkomuhúsið Stapa í Ytri-Njarðvík. Dvaldist hann á dansleiknum til loka hans, og kveðst hann einskis áfengis hafa neytt. Að dansleiknum loknum kveðst hann hafa ekið heim til sín að Baldursgötu 2, en þaðan hafi hann farið gangandi til Fólksbílastöðvarinnar, þar sem hann hitti fyrir í Landrover bifreiðinni þá Vilhjálmi Arngrímsson og fleiri, sem áður eru nefndir. Slóst ákærði í för með mönnum þessum, sem endaði við húsið Túngötu 20. Fór ákærði með fleirum að húsinu og kvaddi þar dyra hjá Sigurði Gizuri, sem tók þeim félögum fálega og vísaði þeim á braut. M. a. kveður ákærði, að Sigurður Gizur hafi sparkað í kynfæri sín, er hafi leitt til stypinga milli þeirra. Hann kveður, að er lögreglumennirnir hafi komið á vettvang, hafi þeir ekki reynt að handtaka sig, heldur einungis beðið sig að koma með þeim í lögreglubifreiðina. Hann kveður, að Sigurður Gizur hafi haft í frammi ofstopa gagnvart sér og slegið sig, eftir að lögreglumennirnir komu á vettvang. Nokkru síðar, er lögreglumönnum hafði tekizt að stífa honum og Sigurði Gizuri sundur og síðan fá Sigurð til að hverfa inn í húsið, kveðst ákærði í reiði hafa gripið upp stein og kastað í herbergisglugga Sigurðar Gizurar með þeim afleiðingum, að rúða brotnaði.

Er Sigurður Gizur kom út aftur með sveðju í hendi, eins og áður er lýst, kveðst ákærði hafa farið inn í lögreglubifreiðina að tilmælum annars lögreglumannsins. Hafi hann síðan, sleginn ótta af athæfi Sigurðar Gizurar, ekið á brott í lögreglubifreiðinni og stöðvað hana síðan í Hafnargötu, eins og að framan er lýst.

Mörg vitni hafa verið leidd í málinu og innt um ástand og athafnir ákærða umrædda nótt. Ber þeim að mestu saman um, að ákærði hafi verið ölvaður. Vitnið Sveinn Víkingur Sveinsson lögreglumaður lýsir ástandi ákærða þannig, að hann hafi verið greinilega övaður. Hann hafi verið voteygur, þrútin og litarháttur rauðleitur og hafi framkoma hans í alla staði borið vitni um ölvun. Vitnið Vilhjálmur Svanberg Arngrímsson ber, að allir farþegarnir í Landrover bifreiðinni hafi verið undir áhrifum áfengis og hafi hann fundið áfengislykt af ákærða. Þá hafi hátt-

erni ákærða í hvívetna sýnt, að hann væri ölvaður. Vitnið Vilhjálmur Grétar Árnason lögreglumaður kveður, að ákærði hafi verið greinilega ölvaður. Hafi andlit hans verið þrútið og rjótt og augu hans vot. Þá hafi framkoma ákærða og hátterni borið vott ölvunar.

Jón Ernest Hensley sjómaður var yfirheyður fyrir dómi sem ákærði og hefur skýrt svo frá, að hann hafi sjálfur verið ölvaður, er umræddir atburðir áttu sér stað. Ber hann, að ákærði hafi verið allölvaður án þess að lýsa því nánar. Kveður hann, að ákærði hafi haft meðferðis genever á Coca-Cola flösku og hafi hann neytt þess í Landrover bifreiðinni ásamt þeim félögum.

Vitnið Lúðvík Björnsson plötusmiður ber, að þeir félagar hafi allir verið blindfullir, að undanskildum ökumanni, en að meðtöldum ákærða. Vitnið veitti því athygli, að lögreglubifreiðin var skilin eftir í gangi og lýsti furðu sinni á þeirri ráðstöfun lögreglumannanna, að láta blindfullan og snarvitlausan mann, eins og vitnið orðaði það, einsamlan í framsæti bifreiðarinnar, eins og á stóð.

Vitnið Henry Olsen vélsmiður ber, að ákærði hafi verið greinilega ölvaður og að framkoma hans hafi borið vitni um slíkt ástand.

Vitnið Ólafur Arinbjörnsson Þorsteinsson framkvæmdastjóri telur vafalaust, að ákærði hafi verið ölvaður í umrætt sinn án þess að rökstyðja það frekar. Vitni þetta fylgdist með atburðunum úr nokkurri fjarlægð, eða nánar tiltekið úr glugga hússins Túngötu 19.

Vitnið Bragi Eyjólfsson rennismiður telur, að bæði ákærði og Sigurður Gizur hafi verið greinilega ölvaðir, en ekki dauðadrukknir. Vitnið kveður, að ákærði hafi engin óttamerki sýnt við hegðun Sigurðar Gizurar, heldur hafi hann þvert á móti virzt vera „svellkaldur“ og ögrandi gagnvart Sigurði Gizuri.

Vitnið Marteinn Webb verkamaður fullyrðir, að ákærði hafi verið drukinn. Kveðst vitnið hafa merkt það af áfengislykt af andardrætti hans og framkomu í heild. Vitnið kveðst oft hafa séð ákærða bæði drukinn og ódrukinn og kveðst því hafa séð greinilega, að hann var drukinn í umrætt sinn.

Þá hefur Sigurður Gizur Baldursson verið yfirheyður sem kærði. Hann skýrir svo frá, að hann hafi séð ákærða Grétar Þór á umræddum dansleik í Stapa og hafi ákærði þá verið ölvaður svo og hafi hann séð ákærða drekka áfengi, að hann telur geneverblöndu. Hann kveðst hafa farið heim til sín að dans-

leiknum loknum ásamt fleira fólki. Nokkru síðar hafi verið barið að dyrum hjá sér og hafi þar verið kominn ákærði, allölvaður, og hafi hann heimtað að komast í „party“. Ekki gaf Sigurður ákærða kost þess, og kveður hann, að ákærði hafi þá slegið sig í andlitið og sparkað í dyrnar, þannig að þær skemmdust. Hann kveður, að af þessu hafi orðið allharður atgangur og hafi hann reynt að stjaka ákærða út fyrir, unz hann að lokum hringdi í lögregluna. Hann kveður, að lögreglumönnum hafi ekki tekizt að ráða við ákærða og hafi hann slegið sig margofter í viðurvist lögreglumannanna, án þess að þeir fengju að gert. Er ákærði braut síðan rúðu í herbergi hans, kveðst hann hafa misst þolinmæðina og hlaupið út með sveðju í hendi. Hann kveður, að tilgangur sinn hafi verið sérstaklega að hræða ákærða á brott. Hann kveður fráleitt, að hann hafi ætlað að vinna nokkrum manni mein með vopninu. Kveðst hann hafa otað sveðjunni í ýmsar áttir og einnig hafi hann sveiflað henni yfir höfuð sér.

Með framanröktum framburðum vitna og annarra, sem allir hníga í þá átt, að ákærði hafi verið ölvaður í umrætt sinn, og að öðru leyti með skírskotun til framangreindrar atvikalýsingar og þrátt fyrir synjun ákærða verður að telja fyllilega sannað, að ákærði hafi umrædda nótt verið ölvaður á almannafæri og í því ástandi átt hlut að óspektum, sem ollu ónæði og röskuðu svefnró fólks í nærliggjandi húsum við Túngötu 20, Keflavík. Telst ákærði með þessu atferli hafa gerzt brotlegur við 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. nú sömu greinar laga nr. 82/1969. Með eigin framburði ákærða og með skírskotun til atvikalýsingar, sem byggð er á framburðum vitna, telst og sannað, að ákærði hafi í framhaldi af þeim atburðum, sem á undan er lýst, tekið í heimildarleysi lögreglubifreiðina Ö 1002, þar sem hún stóð framan við húsið Túngötu 20, og síðan ekið henni um götur í Keflavík, unz akstur hans var stöðvaður í Hafnargötu móts við hús Sérleyfisbifreiða Keflavíkur. Af hálfu ákærða er því haldið fram, að hann hafi gripið til þessa ráðs, þar eð hann hafi talið líf sitt í hættu vegna atferlis Sigurðar Gizurar Baldurssonar. Samkvæmt framburðum vitna um undanfarandi hegðun ákærða og þegar virt eru ýmis atriði, svo sem þau, að tveir lögreglumenn voru á staðnum og að þeim hafði tekizt að stíða ákærða og Sigurði Gizuri í sundur og koma ákærða inn í lögreglubifreiðina, þar sem telja verður, að hann hafi verið óhultur fyrir ofstopa Sigurðar Gizurar, verður ekki fallizt á, að ákærði hafi verið í slíkri hættu, er réttlæti brottakstur hans í bifreiðinni. Telst ákærði því með þessu

atferli hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956. Með skírskotun til þess, sem á undan er rakið í rökstuðningi fyrir því, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum umrædda nótt, liggur fyrir sönnun um, að hann hafi neytt áfengis undanfarandi umræddum akstri og hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Telst hann með þessu atferli hafa gerzt brotlegur við 25. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. nú sömu greinar laga nr. 40/1968. Með því að eigi liggur fyrir niðurstaða alkóhólrannsóknar á blóði ákærða, er ósannað, hversu mikið áfengismagn var í blóði hans við umræddan akstur, og af gögnum málsins verður ekki ráðið, að aksturslag hans hafi verið óeðlilegt né að nokkurt óhapp hafi hent hann við aksturinn. Með hliðsjón af almennum reglum refsiréttar um sönnunarbyrði ber að túlka þennan vafa um magn áfengis í blóði ákærða honum í hag, og þykir því rétt að heimfæra brot hans til 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Þá telst ákærði með síðastgreindu atferli og hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. nú sömu greinar laga nr. 82/1969.

Samkvæmt 44. og 45. gr. áfengislaga, 259. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga svo og með tilliti til brotaferils ákærða og að bifreið sú, er ákærði tók og ók í heimildarleysi, var opinber bifreiðar til öryggisþjónustu, þykir refsing ákærða eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi í 9 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja. Þá ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmans, kr. 5.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Grétar Þór Sigurðsson, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Hann skal sviptur ökuleyfi í 9 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmans, kr. 5.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.